



Annar fundur Epsilondeildar haldinn í Lesstofu Bókasafns Árborgar á Selfossi laugardaginn 26. október 2024 kl 10:10.

Margrét Guðmundsdóttir formaður bauð fundargesti velkomna í Lesstofu Bókasafns Árborgar og setti fundinn með því að kveikja á kertum Vináttu Trúmensku og Hjálpsemi –

Margrét skýrði frá því að því miður þurftum við að aflýsa fyrirhugaðri ferð. Ástæðan er sú að við ætluðum að fara í heimsókn til annarrar deildar og funda með henni en svo kom á daginn að aðeins nokkrar konur gátu tekið á móti okkur þennan dag. Við ætlum því að stefna á ferð í vor og verðum þá með góðan fyrirvara á viðburðinum.

Harpa gjaldkeri sá um nafnakall

Ásgerður ritari las upp fundargerð síðasta fundar og formaður bar hana til samþykktar.

Formaður óskaði eftir að fá að skýra mál sitt betur varðandi það sem hún sagði á síðasta fundi með það að gera kröfu á að konur svöruðu fundarboði sem fyrst, og að ef konur geti ekki mætt á fund gefi þær upp ástæðu þess. Ástæða þess að hún óskar að konur svari fundarboði er sú að það er verið að skipuleggja fundi og oft einnig veitingar í kjölfarið. Af virðingu við þær sem eru að sjá um fundina er sjálfsagt að konur láti vita af komu sinni á fundi með góðum fyrirvara upp á skipulag að gera. Þær systur sem svara fundarboði í gegnum tölvupóst fá svar til baka í netpósti til staðfestingar. Varðandi það að gefa upp ástæðu fjarveru þá hafa margar systur í gegnum tíðina gefið upp ástæðu fjarveru sinnar án þess að það sé neitt tiltökumál og þykir formanni persónulega mjög vænt um þegar þær gera það. Það er einnig gert í fleiri deildum. Við erum systrafélag og okkur þykir vænt hver um aðra. Einkunnarorð okkar eru vinátta, trúmennska og hjálpsemi. Við viljum hver annarri vel, viljum styðja hverja aðra og virðum trúnað okkar á milli. Við viljum að systur upplifi sig mikilvægar í hópnum og okkur er umhugað um þær allar. Auðvitað eru ýmsar persónulegar ástæður fyrir fjarveru og er það virt ef systur sjá sér ekki fært að upplýsa það opinberlega en bendir Margrét á að hún muni gæta fyllsta trúnaðar við ykkur sem formaður deildarinnar ef þess er óskað. Þá hefur formaður rýnt í lög og reglugerðir frá alþjóðasamtökunum og skoðað hvort eitthvað sé minnst á svörun fundarboða en það er ekki tilgreint en tekið er fram að ekki sé þess krafist að systur mæti á fundi en að farsælt sé að halda sambandi við þær sem missa af fundum og slíkt sýnir einnig að okkur er umhugað um hver aðra. Formaður ætar að halda góðum tengslum við þær sem ekki mæta. Ekki var gerð athugasemd á þessa skýringu.

Orð til umhugsunar – Eydís Katla talaði út frá vináttu og minntist ma. æskuvinkonu sinnar í Mjólkurbúshverfinu sem átti áhugaverðan appelsínugulan dúkkuvagn og ræddi um hvaða breytingum vinátta getur tekið og hve ólíkt hún birtist eftir aldurs skeiðum, aðstæðum og tímabilum.

Margrét formaður sagði fréttir af starfi DKG

Virtual leadership developmental seminar – vefnámskeið haldið þennan dag milli 16 og 21 sem Margrét mun sitja. Vefnámskeiðið ber yfirheitið *The Emotional Intelligence Advantage: Building Stronger Women Leaders* - Kosturinn við tilfinningagreind: Byggja upp sterkari kvenleiðtoga.

Afmælisþing Delta Kappa Gamma á Íslandi 10. - 11. maí 2025 - Ráðstefna og aðalfundur verða í Salnum í Kópavogi og hátíðarkvöldverður á Grand hóteli. Nánari upplýsingar koma eftir áramót en munið að taka helgina frá.

Evrópuráðstefna í Sussex University í Brighton á Englandi 18. - 20. júlí 2025. Árný Elíasdóttir fékk beiðni um að þær sem gætu, myndu koma með hljóðfæri og taka þátt í tónlistaruppákomu á ráðstefnunni.

Alþjóðaráðstefna verður haldin í New Orleans, Louisiana 29.júlí til 2 ágúst 2025.

Ráðstefnuhaldarar óska eftir fyrirlesurum og þarf að vera búíð að bregðast við fyrir 6. janúar 2025. Fyrirlesarar þurfa að borga ráðstefnugjald, ferða og gistikostnað en geta sótt um styrk til Landsambandsins hér á landi.

Styrkir DKG kynntir / upplýsingablað.

Lucille Cornett styrkur sem hægt er að sækja um fyrir einstaklinga eða málþing. Umsóknarfrestur hans hefur verið lengdur til 8.nóvember. Úthlutun er tvisvar á ári, venjulega 1. nóv og 1. maí. Því miður er ekki hægt að sækja um styrk eftirá svo við getum ekki sótt um styrk fyrir málþinginu okkar í fyrra en vitum af honum fyrir næsta málþing. En það um að gera að fara að huga að næsta málþingi og skipa nefnd sem mun skipuleggja og sækja styrk fyrir næsta málþingi td haust 2025. Það getur verið liður deildarinnar í samfélagslegu verkefni á afmælisári sem er opið fólki utan samtakanna.

Einnig stiklaði Margrét á þeim fjölmörgu einstaklingsstyrkjum sem hægt er að sækja um og hvatti konur til að kynna sér það á heimasíðu samtakana.

Áhugi er fyrir því að setja saman málþing og var fundurinn sammála að kasta á milli sín hugmyndum að málþingi á Facbooksíðunni og þá væri hægt að óska eftir áhugasömum til að ákveða efnistök halda utan um málþing.

Margrét Blöndal deildarstjóri menningar- og upplýsingasviðs Árborgar sagði okkur frá fjölbreyttri starfsemi bókasafnsins. Meðal annars sagði hún frá verkefni sem fór af stað með það að markmiði að eignast barnabækur á öllum þeim 42 tungumálum sem töluð eru í Árborg og eru bækurnar gjarnan um ofuhetjur. Í kjölfarið á þessu safni hefur bókasafnið komið sér upp nokkrum búningum sem starfsfólk getur skartað og einnig er búningadeild í safninu þar sem fólki gefst kostur á að koma með og skipta á búningum fyrir börn sín. Auk þess sem safnið á fána allra þessara landa og tekur starfsfólk eftir því að tvítyngdum börnum þykir mikið til þess koma og upplifa vel að sjá fánann sinn meðal hinna. Þá sagði hún frá verkefninu „*Komdu að tala íslensku*“ sem reynist vel en það miðar að því að fólk af erlendum uppruna geti hist í bókasafninu og æft sig að tala saman á íslensku. Þá er verkefni í burðarliðnum „*Gefum íslensku sjens*“ fyrir fólk af erlendum uppruna í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og bókasafnið. Framundan er svo „*Burtu með fordóma*“ verkefni í samstarfi við simfoníuhljómsveit Suðurlands og það væri stefnt á hugmyndavinnu gegn fordómum með nemendum leik- og grunnskóla sem líkur með tónleikum í lok maí á næsta ári. Bókasafnið sækir stíft um styrki til að standa straum af kostnaði við undantalin verkefni. Margréti var færð rós sem þakklætisvott fyrir erindið og aðstöðuna.

Önnur mál –

Formaður ítrekaði að við værum velkomnar í verslunina Motivo í fordrykk og fengju systur afslátt af vörukaupum og eftir það yrði farið að borða í Fröken Selfoss.

Ábending kom frá Margréti Pálínu um að þaulvanar sláturgerðarkonur í Húnabyggð kenndu handbragðið í sláturgerð á Blönduósi, fólk gæti komið, í samvinnu og samveru og lært að gera slátur og fékk svo afurðina með sér heim. Þetta er liður í að varðveita aldagamla hefð sem er á undanhaldi.

Þá benti Björg á að í Landanum yrði kennslustund í að kalóna vambir, handverk sem einnig er að tapast í menningunni.

Happdrættisvinningur kom í hönd Hörpu Björnsdóttur

Formaður færði Eydísi Kötlu rós fyrir Orð dagsins, þá færði hún stjórninni einnig rósir í þakklætisskyni

Fundi slitið og slökkt á kertum Vináttu Trúmennsku og Hjálpssemi

G. Ásgerður Eiríksdóttir ritaði fundargerð